

Föstudaginn 24. febrúar 1961.

Nr. 79/1960. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Brynjari Ólafssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Mál lagt fyrir Læknaráð til umsagnar.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar Læknaráðs um skýrslu Rannsóknarstofu háskólans, dags. 30. ágúst 1959, um krufningu þá, sem Ólafur Bjarnason læknir framkvæmdi á líki Sigríðar Ástu Þórarinsdóttur, er í málinu greinir. Einkum er um það spurt, hvað ráða megi af krufningunni og með hve mikilli vissu um dánarorsök konunnar. Þá er óskað skýrslu um hættusemi kverkataka. Rétt er og, að Læknaráð láti uppi álit um, hvort álykta megi af krufningarskýrslunni nokkuð um það, hvort samfarir ákærða við nefnda konu hafi farið fram að óvilja hennar.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té umsögn um framgreind atriði.
